

Yfirskrift	Stjórnarfundur Félags forstöðumanna ríkisstofnana			
Stjórnarfundur nr. 2	Dagsetning	22. janúar 2019	Tími	12:00 – 13:00
Fundarstaður	Skrifstofa FFR, Hverfisgötu 105, Reykjavík			
Fundarstjóri	MH			
Ritari	JÁJ			
Fundarboð fengu	Halldór Ó. Sigurðsson (HÓS), Margrét Hauksdóttir (MH), Kristín Linda Árnadóttir (KLÁ), Magnús Guðmundsson (MG), Ársæll Guðmundsson (ÁG), og Jóhanna Á. Jónsdóttir (JÁJ).			
Fjarverandi	HÓS og MG			
Fylgiskjöl				
Vistun gagna	JÁJ			

## Fundargerð stjórnarfundar FFR 22. janúar 2019

### 1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar (11. janúar 2019)

Fundargerð síðasta stjórnarfundar lögð fram og samþykkt.

### 2. Nýtt launakerfi; staða mála

a) Staða mála

- JÁJ gerði grein fyrir vinnu sinni í janúar en hún hefur átt marga fundi með forstöðumönnum og fundi í fagráðuneytum með forstöðumönnum.

### 3. Málefni sýslumanna

Samkvæmt tilkynningu frá fjármála- og efnahagsráðuneytinu verða innheimtulaun ekki greidd framvegis. Rætt hvort að það hafi einhver áhrif á þessa ákvörðun ef sýslumenn eru æviskipaðir. Samþykkt að leita til Óskars hjá Advel og biðja hann um að skoða málið og meta hvort sækja eigi um endurupptöku til fjármálaráðuneytisins á grundvelli sjónarmiða sem fram hafa komið hjá sýslumönnum. Samþykkt að JÁJ hafi samband við Óskar.

### 4. Uppsögn forstjóra Matís

Stjórnin ræddi viðskilnað forstöðumanna vegna uppsagnar þeirra og hvað séu eðlileg samskipti í kjölfarið. Stjórn FFR að niðurstaða í máli forstjóra Matís gagnvart stjórn félagsins gæti nýst félaginu vegna viðskilnaðar forstöðumanns við ríkisstofnun.

Samþykkt að greiða lögmanni fyrrverandi forstjóra Matís allt að 10 tíma vegna vinnu við að skrifa bréf til stjórnar Matís.

### 5. Forstjóri Heyrnar- og talmeinstöðvar Íslands

Forstjóri Heyrnar- og talmeinstöðvar Íslands sendi erindi til kjararáðs eftir júlí 2017, nánar tiltekið í desember 2017.

Samþykkt að JÁJ hafi samband við Óskar hjá Advel og biðji hann um að semja bréf til Umboðsmanns Alþingis frá FFR fyrir alla forstöðumenn sem þessi málsatvik eiga við. JÁJ hefur samband við forstjóra Heyrnar- og talmeinstöðvar Íslands og lætur hann vita.

### 6. Almannaþingill

MH gerði grein fyrir fundi sem hún, HÓS og JÁJ áttu með Gunnari Steini Pálssyni. Samþykkt að fá hann til liðs við stjórn FFR.

### 7. Stjórnendastefna

Drög að Stjórnendastefnu ríkisins hefur verið birt á samráðsgátt. Samþykkt að hver og einn stjórnarmaður lesi stjórnendastefnuna og síðan muni stjórn FFR senda athugasemdir til Kjara- og mannauðssýslu ríkisins.